

AUGLÝSING

um gjaldskyldu á bílastæðum á lóð Háskóla Íslands.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 4. desember 2008, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Almenn bílastæði á svæði við Háskóla Íslands sem liggja í hálfhring frá Sæmundargötu að aðalbyggingu Háskóla og til baka að Sæmundargötu (skeifan) verði gjaldskyld.

Almenn bílastæði á svæði við Háskóla Íslands sem liggur við Nýja Garð verði gjaldskyld.

Settir verði upp miðamælar á svæðunum sem skilgreinast sem gjaldsvæði 4 með tíma-gjaldinu 80 krónur. Gjaldskylda verður mánudaga – föstudaga klukkan 8 - 16.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 23. desember 2008.

e.u. **Ólafur Kr. Hjörleifsson.**